

Miðvikudaginn 13. október 1982.

Nr. 173/1982. **Jóhannes Jónsson**
 gegn
Hjördísi Hjörleifsdóttur.

Kærumál. Úrskurður um frest úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með skírskotun til heimildar í j lið 1. fl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. júlí 1982, sem barst Hæstarétti 3. september 1982, en vitneskju um uppkvaðningu úrskurðarins fékk sóknaraðili 12. júlí 1982. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar. Hann krefst og kærumálskostnaðar sér til handa.

Af hendi varnaraðilja hafa engar kröfur verið gerðar.

Frá Drífu Pálsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, er kvað upp hinn kærða úrskurð, hafa Hæstarétti borist athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Segir þar svo:

„Mál þetta snýst m. a. um eignarrétt að ýmsum munum, sem tilgreindir eru í stefnu og greinargerð í gagnsök, sbr. dskj. nr. 32 og 33.

Með innsetningargerð þann 7. janúar 1981 í fógetaréttarmálinu nr. B—19/1981, Jóhannes Jónsson gegn Hjördísi Hjörleifsdóttur, var gerðarbeiðandi (aðalstefndi í máli þessu) settur inn í nokkra af fyrrgreindum munum og enn fremur muni nátengda þeim, sem deilt er um í máli þessu, til dæmis þvottavél, uppþvottavél og eldavél, en í þessu máli er m. a. deilt um þurrkara með straumbreyti, gufugleypi fyrir eldavél og straumbreyti fyrir eldavél. Ennfremur var innsetningin gerð í 6 manna mávastell, en í þessu máli er deilt um 6 kökudiska úr sama stelli.

Innsetningargerð þessari hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og ber það mál heitið Hjördís Hjörleifsdóttir gegn Jóhannesi Jónssyni, mál nr. 81/1981. Dómur Hæstaréttar í því máli er ekki genginn. Dómari máls þessa taldi hugsanlegt, að dómur Hæstaréttar gæti haft þýðingu fyrir úrslit gagnsakar í máli þessu, og kvað af þeim sökum upp eftirfarandi úrskurð þann 8. júlí s.l.

„Með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga 85/1936 er máli þessu frestað ex officio, þar til dómur Hæstaréttar í málinu nr. 81/1981, Hjördís Hjörleifsdóttir gegn Jóhannesi Jónssyni, liggur fyrir.“

Ofangreindur úrskurður var byggður á eftirfarandi: Það er skilyrði fyrir innsetningargerð, að réttur gerðarbeiðanda sé sæmilega skýr, miðað við þau gögn, sem fyrir fógeta eru lögð. Lögmenn aðilja máls þessa hafa lýst gagnasöfnun lokið, en ekki virðast fram kominn sönnunargögn varðandi eignarréttinn að framangreindum munum í bæjarþinginu, umfram þau, sem fyrir fógeta voru lögð. Fari svo, að Hæstiréttur staðfesti hina áfrýjuðu innsetningargerð, lítur dómariinn svo á, að fengin væri mikilvæg vísbending um eignarréttinn að margnefndum munum, sem rétt væri að fram kæmi, áður en dómur verður lagður á bæjarþingsmálið.“

Málsaðiljar hafa lokið gagnaöflun í bæjarþingsmáli því, sem hér er um að ræða. Sókneraðili þykir eiga rétt á, að dæmt verði um það, eins og málið liggur nú fyrir, hvort hann sé eigandi þeirra muna, sem í málinu greinir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Umboðsmenn aðilja lýstu gagnasöfnun lokið í bæjarþingsmálinu í þinghaldi 30. júní sl. Gaf héraðsdómari þeim þá kost á að tjá sig um það, hvort efni stæðu til að fresta málinu með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, en tók málið að því búnu til úrskurðar. Úrskurð sinn, sem er án forsendna, sbr. 2. mgr. 190. gr. nefndra laga, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, kvað hann hins vegar ekki upp fyrr en hinn 8. júlí sl. Hefði þó verið rétt, að hann kvæði úrskurðinn upp þegar í stað, sbr. 1. mgr. nefndrar greinar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 142/1982. Köfunarstöðin h/f

gegn

Áburðarverksmiðju ríkisins.

Kærumál. Úrskurður um frest úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1982, og barst hún Hæstarétti 5. júlí 1982. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hinn umbeðna frest. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Í greinargerð til Hæstaréttar 7. júlí sl. krafðist varnaraðili staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Héraðsdómari, Eggert Óskarsson, borgardómari í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði varnaraðili gegn sóknaraðilja með stefnu, dags. 4. janúar 1982, til heimtu skaðabóta fyrir spjöll á trébryggju og fleiri eignum varnaraðilja. Eru þau talin hafa orðið, er pramma í eigu varnaraðilja hafi rekið á bryggjuna. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar 1982. Á því dómþingi